



HRUNAMANNAHREPPUR

**41. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 7. FUNDUR ÁRSINS
VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 1. JÚLÍ 2021
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM**

Árið 2021, þann 1. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Björgvin Ólafsson varamaður vegna Kolbrúnar Haraldsdóttur, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Leigusamningur um lóð vegna miðlunargeymis í Berghylsfjalli.**
Oddviti kynnti leigusamning um lóð vegna miðlunargeymis fyrir kalt vatn í Berghylsfjalli milli landeiganda á Berghyl og Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir leigusamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
- 2. Suðurnesjadeild Ferðaklúbbsins 4x4: Beiðni um áframhaldandi aðgang að Leppistungum.**
Oddviti kynnti beiðni frá Suðurnesjadeild Ferðaklúbbsins 4x4 um áframhaldandi aðgang að Leppistungum yfir vetrartímann. Sveitarstjórn samþykkir að vísa beiðninni til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd.
- 3. Margrét Eyfells: Beiðni um lóðarleigusamninga í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti beiðni frá Margrétu Eyfells um að fá úthlutað lóðum og lóðarleigusamningum undir hús í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn tók málið fyrir á fundi sínum 8. apríl s.l. og vísaði málinu til umfjöllunar í samráðsnefnd fyrir friðlýsingarsvæðið í Kerlingarfjöllum samhliða umfjöllun um önnur lóðarlaus hús sunnan Ásgarðsár. Málið fór til skoðunar í nefndinni og einnig hefur verið fundað með fulltrúum forsætisráðuneytisins og skipulagsfulltrúa um málið.
Sveitarstjórn telur að ekki sé hægt að taka ákvörðun um stofnun fjögurra lóða sunnan Ásgarðsár og að auglýsa þær allar lausar til umsóknar fyrr en stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýsingarsvæðið í Kerlingarfjöllum liggur fyrir. Um væri að ræða lóðir í þjóðlendu á friðlýstu svæði þar sem ríkið og sveitarfélagið þurfa að komast að sameiginlegri niðurstöðu um stofnun einkalóða á svæðinu. Sveitarstjórn vísar því málinu til meðferðar í samráðsnefnd um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlýsingarsvæðið í Kerlingarfjöllum.
- 4. Landsnet: Kerfisáætlun 2021-2030 komin í opið umsagnarferli.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni Landsnets um Kerfisáætlun 2021-2030.
- 5. Samband íslenskra sveitarfélaga og Forsætisráðuneytið: Aðgerðaráætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.**
Oddviti kynnti aðgerðaráætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Forsætisráðuneytinu um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Sveitarstjórn vísar málinu til kynningar í skólanefnd, lýðheilsu- og æskulýðsnefnd, skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshlíða og forstöðumanna sem málið varðar.
- 6. NPA Setur Suðurlands ehf.: Beiðni um að koma inn á fund sveitarstjórnar með stutta kynningu á félaginu og hugmyndafræðinni um NPA og mikilvægi þjónustunnar.**
Oddviti kynnti beiðni frá NPA Setri Suðurlands um að koma inn á fund sveitarstjórnar með stutta kynningu á félaginu og hugmyndafræðinni um NPA og mikilvægi þjónustunnar. Sveitarstjórn vísar málinu til Bergrisans b.s. sem fer með málefni fatlaðs fólks fyrir sveitarfélagið.

7. **Vegagerðin: Úthlutun til styrkvega 2021.**
Oddviti kynnti samþykkt frá Vegagerðinni um að úthluta til afréttavega í Hrunamannahreppi kr. 1.000.000.
8. **Félag eldri Hrunamanna: Skýrsla stjórnar 2020-2021.**
Oddviti kynnti skýrslu stjórnar frá félagi eldri Hrunamanna fyrir starfsárið 2020-2021. Sveitarstjórn þakkar félaginu fyrir skýrsluna og góð störf á starfsárinu.
9. **Úrgangstölur á starfssvæði SOS fyrir 2020.**
Oddviti kynnti minnisblað yfir úrgangstölur á starfssvæði SOS fyrir 2020. Sveitarstjórn vísar málinu til kynningar í umhverfisnefnd.
10. **Félag atvinnurekenda: Ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignamats 2022.**
Oddviti kynnti ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignamats 2022.
11. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Launapróun sveitarfélaga minnisblað.**
Oddviti kynnti minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um launapróun sveitarfélaga.
12. **Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd.**
Oddviti kynnti erindi frá Hönnu Björk Grétarsdóttur formanns nefndarinnar þar sem hún óskar eftir að láta af störfum í nefndinni. Sveitarstjórn skipar Björgvin Viðar Jónsson formann nefndarinnar og Bjarneyju Vignisdóttur til vara. Sveitarstjórn þakkar Hönnu Björk fyrir góð störf fyrir sveitarfélagið.
13. **Stytting vinnuvikunnar: Leikskólinn.**
Oddviti kynnti niðurstöðu vinnuhóps fulltrúa stéttarfélaga starfsfólks leikskólans Undralands varðandi útfærslu á styttingu vinnutímans en hópurinn hefur fundað með fulltrúum foreldra og sveitafélagsins um stöðuna. Lagt er til að haldið verið áfram með óbreytt fyrirkomulag fram að áramótum að leikskólinn loki kl. 15:00 á föstudögum og samþykkir sveitarstjórn þá tillögu.
14. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 12. ágúst nk. kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

15. **Barnvænt sveitarfélag – stýrihópur - Hrunamannahreppur: Fundargerð 1. fundar frá 20. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar stýrihóps Barnvæns sveitarfélags frá 20. apríl s.l. Farið var yfir námskeið fyrir stýrihóp Barnvæns sveitarfélags í Hrunamannahreppi frá starfsfólki UNICEF varðandi verkefnið. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
16. **Barnvænt sveitarfélag – stýrihópur - Hrunamannahreppur: Fundargerð 2. fundar frá 17. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar stýrihóps Barnvæns sveitarfélags frá 17. maí s.l. Farið var yfir gátlista 1. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
17. **Barnvænt sveitarfélag – stýrihópur - Hrunamannahreppur: Fundargerð 3. fundar frá 15. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar stýrihóps Barnvæns sveitarfélags frá 15. júní s.l. Farið var yfir gátlista 2 og 3. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
18. **Barnvænt sveitarfélag – stýrihópur - Hrunamannahreppur: Fundargerð 4. fundar frá 24. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar stýrihóps Barnvæns sveitarfélags frá 24. júní s.l. Farið var yfir gátlista 4 og 5. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

19. **Fundargerð 219. fundar skipulagsnefndar frá 9. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 219. fundar skipulagsnefndar frá 9. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.
Mál nr. 15. Gröf og Laxárhlið: Miðsvæði, Reitur M2, deiliskipulagsbreyting.
Lögð var fram umsókn frá Hrunamannahreppi er varðar breytingu á deiliskipulagi á reit M2, Gröf og Laxárhlið. Í breytingunni felst færsla á aðkomuvegi til norðurs vegna fornleifa sem fundust við bæjarhól Grafar. Með færslunni er dregið úr

röskun á bæjarhólnum. Færslan hefur minniháttar áhrif á lóðir en bílastæði breytast við Gröf 1 og Gamla fjós.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 16. Reykjabakki: Reykjalaus, lögbýli, deiliskipulag.

Lögð var fram umsókn frá Páli Orra Þrastarsyni er varðar nýtt deiliskipulag í landi Reykjabakka L166812. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði.

Skipulagsnefnd UTU frestar afgreiðslu málsins vegna ófullnægjandi gagna. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við umsækjanda og hönnuð deiliskipulags.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fresta afgreiðslu málsins vegna ófullnægjandi gagna og fela skipulagsfulltrúa að annast samskipti við umsækjanda og hönnuð deiliskipulags.

Mál nr. 21. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní s.l.

20. Fundargerð 220. fundar skipulagsnefndar frá 23. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 220. fundar skipulagsnefndar frá 23. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 36. Neðri-Hveradalir: Hrunamannaafréttur, göngubrú, göngupallur, framkvæmdaleyfi.

Lögð var fram til kynningar útgáfa framkvæmdaleyfis vegna göngubrúar og göngupalls í Kerlingarfjöllum.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis.

Mál nr. 37. Efra-Langholt: Deiliskipulag frístundalóða.

Lögð var fram umsókn frá Helga Kjartanssyni f.h. landeiganda er varðar nýtt deiliskipulag í land Efra-Langholts. Í deiliskipulaginu felst skipulagning 10 frístundalóða sem eru hver um 1 ha.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt. Nefndin mælist til þess að skipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að skipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 38. Svínárnes: Hrunamannaafréttur, fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála Svínárnesi á Hrunamannaafrétti. Skipulagstillagan hefur áður verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna málsins sem brugðist hefur verið við. Þar sem meira en ár er liðið síðan auglýstum athugasemdafresti málsins lauk er deiliskipulagið lagt fram að nýju til samþykktar í takt við 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru byggingarheimildir fyrir svæðið og afmörkuð lóð. Skipulagssvæðið er um 9 ha að stærð og innan þess er um 2 ha afþreyingar- og ferðamannasvæði. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 39. Efri-Kisubotnar: Hrunamannafréttur, fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála Efri-Kisubotna á Hrunamannafrétti. Skipulagstillagan hefur áður verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagalaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna málsins sem brugðist hefur verið við. Þar sem meira en ár er liðið síðan auglýstum athugasemdafresti málsins lauk er deiliskipulagið lagt fram að nýju til samþykktar í takt við 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli.

Sveitarstjórn UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 40. Fosslækur: Hrunamannafréttur, fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála Fosslækjar á Hrunamannafrétti. Skipulagstillagan hefur áður verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagalaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna málsins sem brugðist hefur verið við. Þar sem meira en ár er liðið síðan auglýstum athugasemdafresti málsins lauk er deiliskipulagið lagt fram að nýju til samþykktar í takt við 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.

Sveitarstjórn UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 41. Grákollur: Hrunamannafréttur, fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Grákolli á Hrunamannafrétti. Skipulagstillagan hefur áður verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagalaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna málsins sem brugðist hefur verið við. Þar sem meira en ár er liðið síðan auglýstum athugasemdafresti málsins lauk er deiliskipulagið lagt fram að nýju til samþykktar í takt við 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 42. Mikluöldubotnar: Hrunamannafréttur, fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Mikluöldubotnum á Hrunamannafrétti. Skipulagstillagan hefur áður verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagalaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna málsins sem brugðist hefur verið við. Þar sem meira en ár er liðið síðan auglýstum athugasemdafresti málsins lauk er deiliskipulagið lagt fram að nýju til samþykktar í takt við 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 43. Helgaskáli: Hrunamannafréttur, fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Helgaskála á Hrunamannafrétti. Skipulagstillagan hefur áður verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagalaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna málsins sem brugðist hefur verið við. Þar sem meira en ár er liðið síðan auglýstum athugasemdafresti málsins lauk er deiliskipulagið lagt fram að nýju til samþykktar í takt við 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 15 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 44. Heiðará: Hrunamannafréttur, fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Heiðará á Hrunamannafrétti. Skipulagstillagan hefur áður verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagalaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna málsins sem brugðist hefur verið við. Þar sem meira en ár er liðið síðan auglýstum athugasemdafresti málsins lauk er deiliskipulagið lagt fram að nýju til samþykktar í takt við 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 7 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilaðar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 45. Leppistungur: Hrunamannaafréttur, fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Leppistungur á Hrunamannaafrétti. Skipulagstillagan hefur áður verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna málsins sem brugðist hefur verið við. Þar sem meira en ár er liðið síðan auglýstum athugasemdafresti málsins lauk er deiliskipulagið lagt fram að nýju til samþykktar í takt við 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis. Á staðnum er 70 m² hús sem byggt var árið 1987. Einnig er þar gamalt leitarmannahús. Þessi hús eru notuð sem leitarmannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 m² hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannaafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Innan lóðar/afmörkunarsvæðis eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt verður að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 46. Holt: Unnarholti, land, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Holti L192736 í Hrunamannahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining fjögurra byggingarreita, þriggja fyrir íbúðarhús og eins fyrir útihúss. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma deiliskipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum umsækjanda og uppfærðum deiliskipulagsuppdrætti. Afgreiðslu málsins var frestað á 216. fundi skipulagsnefndar og var skipulagsfulltrúa falið að fara á staðinn að skoða aðstæður.

Athugasemdir bárust frá landeiganda aðliggjandi jarðar í nokkrum liðum sbr. meðfylgjandi skjal dagsett 16. apríl 2021. Einnig bárust umsagnir vegna málsins frá Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Brunavörnum Árnæssýslu. Engar athugasemdir komu fram innan framlagðra umsagna framangreindra stofnana. Skipulagsnefnd telur því að athugasemdir landeiganda aðliggjandi jarðar er varðar minjar, vegtengingu og hugsanlega röskun á vistkerfum innan og utan svæðisins m.a. vegna frárennismála eigi ekki við í samræmi við umsagnir þess efnis. Nefndin telur ekki ástæðu til að bregðast við athugasemdum vegna málsmeðferðar málsins, kynningar þess og að bókunum skipulagsnefndar sé ábótavant. Nefndin telur að tillagan samræmist stefnu aðalskipulags Hrunamannahrepps er varðar byggingar á landbúnaðarsvæðum. Landbúnaðarsvæði er grunn landnotkunarflokkur aðalskipulags og eru ýmiss konar heimildir innan þess er varðar byggingu stakra íbúðarhúsa, frístundahús og útihúsa sbr. lið 2.2.1 og 2.2.8. Þær heimildir hafa t.d. verið nýttar á lóðum Unnarholtskots 3, Unnarholtskots 1C, Unnarholtskots 1 lóð auk þess sem stofnuð hefur verið lóð á svæðinu undir heitinu Kriki 1 þar sem samþykkt var byggingarleyfi sumarið 2020 að undangenginni grendarkynningu. Nefndin telur að markmiðum aðalskipulags um dreifbýlisyfirbragð sé ekki ógnað með samþykkt deiliskipulagsins enda sé það í ágætu samræmi við núverandi byggðarmynstur á svæðinu. Breytingar voru gerðar á auglýstum uppdrætti skipulagsins og var stærð og lögun byggingarreita breytt til að fyrirhuguð hús aðlagist betur að landslagi og þá sérstaklega með tilliti til hæðarlegu. Ennfremur var gerð sú breyting á skilmálum deiliskipulagsins að leyfileg hámarkshæð skemmu lækkar úr 8 í 7 metra þannig að hún verði minna áberandi í landslagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr.

123/2010. Þeim sem athugasemdir gerðu við skipulagið verði kynnt niðurstaða sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn hefur tekið til skoðunar athugasemdir sem bárust frá landeiganda aðliggjandi jarðar í nokkrum liðum sbr. meðfylgjandi skjal dagsett 16. apríl 2021. Einnig bárust umsagnir vegna málsins frá Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Brunavörnum Árnassýslu. Engar athugasemdir komu fram innan framlagðra umsagna framangreindra stofnana. Sveitarstjórn telur því að athugasemdir landeiganda aðliggjandi jarðar er varðar minjar, vegtengingu og hugsanlega röskun á vistkerfum innan og utan svæðisins m.a. vegna frárennslismála eigi ekki við í samræmi við umsagnir þess efnis. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að bregðast við athugasemdum vegna málsmeðferðar málsins, kynningar þess og að bókunum skipulagsnefndar sé ábótavant. Sveitarstjórn telur að tillagan samræmist stefnu aðalskipulags Hrunamannahrepps er varðar byggingar á landbúnaðarsvæðum. Landbúnaðarsvæði er grunn landnotkunarflokkur aðalskipulags og eru ýmiss konar heimildir innan þess er varðar byggingu stakra íbúðarhúsa, frístundahús og útihúsa sbr. lið 2.2.1 og 2.2.8. Þær heimildir hafa t.d. verið nýttar á lóðum Unnarholtskots 3, Unnarholtskots 1C, Unnarholtskots 1 lóð auk þess sem stofnuð hefur verið lóð á svæðinu undir heitinu Kriki 1 þar sem samþykkt var byggingarleyfi sumarið 2020 að undangenginni grendarkynningu. Sveitarstjórn telur að markmiðum aðalskipulags um dreifbýlisyfirbragð sé ekki ógnað með samþykkt deiliskipulagsins enda sé það í ágætu samræmi við núverandi byggðarmynstur á svæðinu. Breytingar voru gerðar á auglýstum uppdrætti skipulagsins og var stærð og lögungun byggingarreita breytt til að fyrirhuguð hús aðlagist betur að landslagi og þá sérstaklega með tilliti til hæðarlegu. Ennfremur var gerð sú breyting á skilmálum deiliskipulagsins að leyfileg hámarkshæð skemmu lækkar úr 8 í 7 metra þannig að hún verði minna áberandi í landslagi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með þeim rökstuðningi og breytingum sem að ofan er rakið og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þeim sem athugasemdir gerðu við skipulagið verði kynnt niðurstaða sveitarstjórnar.

Mál nr. 47. Skollagróf: Efnistaka, aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningar á efnistökusvæði í landi Skollagrófar. Innan lýsingar er gert ráð fyrir um 2 ha svæði þar sem áætluð er um 40.000 m³ efnistöku.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 48. Hvammur 1: Umsókn um byggingarleyfi, fjárhús og hlaða, breyting á notkun í hesthús og íbúðarhús með sambyggðum bílskúr.

Lagt var fram erindi að nýju um breytingu á fyrri samþykkt. Fyrir liggur samþykki að breyta fjárhúsi í hesthús og hlöðu, mhl 16, í bílskúr og vinnuherbergi. Nú er sótt um leyfi til að byggja 92,3 m² við mhl 16 og breyta notkun í íbúðarhús með sambyggðum bílskúr á jörðinni Hvammur 1 L166771 í Hrunamannahreppi. Heildarstærð á mhl 16 eftir stækkun verður 150,1 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu og málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 49. Langholtskot: Klettakot, stofnun lóðar.

Lögð var fram umsókn Unnsteins Hermannssonar, dags. 2. júní 2021, um stofnun lóðar úr landi Langholtskots L166796. Um er að ræða 14.214,9 fm lóð við bæjartorfunna þar sem fyrirhugað er að byggja sumarhús. Óskað er eftir því að lóðin fái staðfangið Klettakot.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar né staðfangið skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið. Framkvæmdir innan lóða eru eftir atvikum háðar deiliskipulagi eða grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar og staðfangið skv. fyrirbyggjandi umsókn og ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. Jarðalaga. Framkvæmdir innan lóðar eru eftir atvikum háðar deiliskipulagi eða grenndarkynningu.

Mál nr. 50. Reykjadalur land (Reykjadalur 2): Staðfesting á afmörkun, breytt stærð og staðfang.

Lögð var fram umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar f.h. eigenda, dags. 4. júní 2021, um staðfestingu á afmörkun og leiðréttingu á skráningu tveggja landeigna úr landi Reykjadal L166816. Um er að ræða annars vegar lóðina Reykjadalur land L179471, íbúðarhúsalóð, sem er skráð með stærðina 23.850 fm í fasteignaskrá en er í raun 3.850 fm og hins vegar lóðina Reykjadalur land L194749, ræktunarland, sem er skráð með stærðina 1 ha en er í raun 19.118 fm skv. meðfylgjandi lóðablaði. Jafnframt er óskað eftir að íbúðarhúsalóðin fái staðfangið Reykjadalur 2.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við breytingu á skráningu lóðanna skv. fyrirbyggjandi gögnum. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið með fyrirvara um samþykki viðkomandi lóðarhafa. Nefndin mælist til þess að staðföng innan svæðisins verði tekin til endurskoðunar

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingu á skráningu lóðanna skv. fyrirbyggjandi gögnum með fyrirvara um samþykki viðkomandi lóðarhafa. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. Jarðalaga en mælist til þess að staðföng innan svæðisins verði tekin til endurskoðunar.

Mál nr. 51. Reykjabakki: Reykjalaus, lögbýli, deiliskipulag.

Lögð var fram umsókn frá Páli Orra Þrastarsyni er varðar nýtt deiliskipulag í landi Reykjabakka L166812. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði. Málinu var frestað á 219. fundi nefndarinnar en er nú lagt fram að nýju með uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt með fyrirvara um lagfærð gögn og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið með fyrirvara um lagfærð gögn og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 58. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 212. fundar stjórnar frá 7. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Sorpstöð Suðurlands: SOS Fundargerð 302. fundar stjórnar frá 18. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Sorpstöð Suðurlands: SOS Fundargerð 303. fundar stjórnar frá 22. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. SASS: Fundargerð 570. fundar stjórnar frá 4. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

e. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 12. fundar bygginganefndar frá frá 8. júní s.l

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

f. Landgræðslan: Grólinn – vöktunarreitir á Hrunamannafrétti.

Lagt fram til kynningar.

g. EBÍ: Afgreiðsla styrkumsóknar.

Lagt fram til kynningar.

h. Hringtorg gatnagerð. Verkfundargerðir 4-6. fundar.

Lagt fram til kynningar.

i. Gröf gatnagerð. Verkfundargerðir 7-8. fundar.

Lagt fram til kynningar.

j. Svæðisskipulag Suðurrhálandis. Verkfundargerð 9. fundar.

Lagt fram til kynningar.

k. Reiðhöllin Flúðum ehf.: Ársreikningur 2020.

Lagt fram til kynningar.

l. Félagsmálaráðuneytið: Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19, stöðuskýrslur nr. 14-16.

Lagt fram til kynningar.

m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 898. fundar stjórnar frá 28. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 899. fundar stjórnar frá 11. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

o. Jafningjafræðsla SASS: Sumar 2021 skýrsla.

Lagt fram til kynningar.

p. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Ársskýrsla 2020.

Lagt fram til kynningar.

q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð XXXVI. landsþings sambandsins og skýrsla Framtíðarseturs Íslands.

Lagt fram til kynningar.

r. UTU bs.: Rofshólar Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lagt fram til kynningar.

s. UTU bs.: Frægðarver Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundið slitið kl. 15:40